

Aðalfundargerð

Aðalfundur Isavia ohf.
haldinn fimmtudaginn 25. mars 2021, kl. 11:00,
með rafrænum hætti.

Þátttakendur á fundinum voru: Steinunn Sigvaldadóttir, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, með umboð hluthafans; Orri Hauksson stjórnarformaður; Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir stjórnarmaður; Valdimar Halldórsson stjórnarmaður og Hinrik Þór Harðarson fulltrúi ríkisendurskoðanda.

Einnig tóku þátt Sveinbjörn Indriðason forstjóri Isavia ohf.; Elín Árnadóttir aðstoðarforstjóri; Karl Alvarsson yfirlögfræðingur; Hafdís Perla Hafsteinsdóttir lögmaður; yfirstjórn Isavia ohf.; starfsmenn félagsins og gestir.

1. Setning fundar.

Orri Hauksson, stjórnarformaður, setti 12. aðalfund Isavia ohf. og bauð fundarmenn velkomna.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Stjórnarformaður lagði til að Karl Alvarsson yrði fundarstjóri sem var samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Hafdís Perla Hafsteinsdóttir ritaði fundargerð og var það samþykkt.

Fundurinn fór fram rafrænt í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams í samræmi við heimild í grein 7.5 í samþykktum félagsins. Fundarboð var sent til þeirra sem rétt áttu að sitja fundinn og óskuðu þess. Tryggt var að hægt væri að bera kennsl á hvern einstakan þátttakanda.

Boðað var til fundarins með dagskrá, sem sendur var með tölvupósti til hluthafa 11. mars 2021 í samræmi við grein 8.2. og með dagskrá skv. grein 8.4. samþykpta félagsins.

Fulltrúum fjölmiðla og kjörnum alþingismönnum var boðið að sitja fundinn eins og mælt er fyrir um í lögum um opinber hlutafélög.

Fulltrúi hluthafans fjármála- og efnahagsráðherra á fundinum var Steinunn Sigvaldadóttir, umboð hennar lá fyrir og hún mætt.

Fulltrúi hluthafa gerði ekki athugasemd við boðun fundarins.

Fundarstjóri staðfesti að löglega var boðað til fundarins og lýsti fundinn lögmætan.

Því næst kynnti fundarstjóri dagskrá fundarins.

3. Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar gerði stutta grein fyrir skýrslu stjórnar fyrir árið 2020. Um skýrslu stjórnar var vísað til hennar eins og hún liggur fyrir í ársreikningi félagsins.

Fulltrúi hluthafa gerði ekki athugasemdir við skýrslu stjórnar.

4. Starfsemi félagsins og reikningar ársins útskýrðir.

Forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins og skýrði þá, sjá sundurliðun reikninga í ársskýrslu félagsins sem lá frammi á fundinum.

Hluthafinn gerði engar athugasemdir við skýringar á ársreikningi félagsins.

5. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.

Reikningar Isavia ohf. fyrir árið 2020 voru lagðir fram til samþykktar.

Reikningarnir voru samþykktir.

6. Kosning stjórnarformanns.

Lagt var til að Orri Hauksson yrði kosinn stjórnarformaður.

Tillagan var samþykkt.

7. Kosning meðstjórnenda og varastjórnar.

Lagt var til að eftirfarandi verði kosnir sem meðstjórnendur:

- Eva Pandora Baldursdóttir
- Matthías Páll Imsland
- Nanna Margrét Gunnlaugsdóttir
- Valdimar Halldórsson

Tillagan var samþykkt.

Lagt var til að eftirfarandi verði kosnir í varastjórn:

- Hreiðar Eiríksson
- Ingveldur Sæmundsdóttir
- Óskar Þórmundsson
- Sigrún Traustadóttir

- Þorbjörg Eva Erlendsdóttir

Tillagan var samþykkt og varastjórnarmenn lýstir réttkjörnir.

8. Kosning endurskoðanda.

Tillaga kom fram um að Ríkisendurskoðun kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík annist endurskoðun reikninga félagsins, sem er í samræmi við c-lið 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Tillagan borin upp og samþykkt.

9. Tillaga stjórnar um ráðstöfun afkomu félagsins.

Stjórn lagði til að afkoma ársins verði flutt til næsta árs.

Tillagan borin upp og samþykkt.

10. Þóknun stjórnarmanna.

Lagt var til að þóknun stjórnarmanna verði 215.000 kr. fyrir hvern mánuð, stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð og varamenn fá um 40% af stjórnarlaunum fyrir hvern setinn fund eða 86.000 kr.

Lagt var til að þóknun fyrir setu í undirnefndum stjórnar verði 64.500 kr. fyrir hvern setinn fund.

Þá var lagt til að stjórn Isavia ohf. semji við formann endurskoðunarnefndar, sem skal vera endurskoðandi, um greiðslur fyrir störf í nefndinni.

Tillögurnar voru samþykktar.

11. Ákvörðun um þóknun endurskoðanda.

Tillaga er um að þóknun endurskoðanda verði samkvæmt reikningi.

Tillagan var samþykkt.

12. Starfskjarastefna stjórnar.

Stjórn Isavia ohf. lagði til að starfskjarastefna félagsins verði óbreytt milli ára.

Tillagan var samþykkt.

13. Önnur mál.

Virkjaður var vefur árs- og samfélagsskýrslu Isavia samstæðunnar fyrir árið 2020.

Hrönn Ingólfssdóttir forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni opnaði vefinn.

<https://www.isavia.is/arsskyrsla2020/>

Steinunn Sigvaldadóttir fulltrúi hluthafans þakkaði stjórn og stjórnendum fyrir gott samstarf á árinu. Jafnframt þakkaði fulltrúi hluthafans starfsfólki fyrir þrautseigju og baráttuhug.

Stjórnarformaðurinn þakkaði fyrir traustið sem honum var sýnt með endurkjöri.

Sveinbjörn Indriðason forstjóri félagsins þakkaði starfsfólki fyrir vel unnin störf á árinu.

Tillaga er um að fundarstjóri og fundarritari gangi frá aðalfundargerðinni. Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:35.



Karl Alvarsson
fundarstjóri



Hafdis Perla Hafsteinsdóttir
fundarritari